

223	Steinnes	27,0	einingar
23. des.	Leysingjastaðir	7,5	—
	Þingeyrar	140,0	—
			<hr/>
	Samtals	1000,0	einingar

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. desember 1941.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.

224
29. des.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar, nr. 111
21. nóvember 1931.

Aftan við 1. gr. komi svo hljóðandi framhald 2. málsgreinar:

Heimilt er bæjarstjórn og, ef þörf krefur, að skammta rafmagn um mæli þannig, að notendum sé gert að greiða allt að þreföldu gjaldi fyrir þann straum, sem þeir nota fram yfir tiltekið magn á mánuði hverjum.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að gilda fyrst um sinn þar til annað kann að verða ákveðið.

Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

225
30. des. Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Þórdísar Gunnlaugsdóttur og Kristmundar Guðmundssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. desember 1941.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þórdísar Gunnlaugsdóttur og
Kristmundar Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Þórdísar Gunnlaugsdóttur og Kristmundar Guðmundssonar. Hann er eign Ytri-Torfustaðahrepps í Vestur-Húnavatns-sýslu. Um ráðstöfun á fé sjóðsins fer eftir því, sem fyrir er mælt í skipulagsskrá þessari.